

Einstaklingsbundið áhættumat - Smitvarnir

BLÓÐGJAFAR BERA ÁBYRGÐ

Vinsamlega lesið eftirfarandi upplýsingar af nákvæmni við hverja komu

Vinsamlega
láttu vita ef þú
telur að eitthvað
varðandi
heilsufar þitt
gæti haft áhrif á
blóðgjöf

Þú getur hætt
við blóðgjöf
hvenær sem er
án þess að gefa
skýringu

Ekki koma í
Blóðbankann til
þess að fá rannsókn
á hugsanlegu smiti
á lifrabólgu, HIV
eða sárasótt



BLÓÐBANKINN
Reykjavík - Kringlan 543 5500
Akureyri - Glerártorg 543 5560

www.blodbankinn.is

Einstaklingsbundið áhættumat - Smitvarnir

Til að tryggja öryggi **blóðþega** eru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir **alla blóðgjafa**. Smit getur verið til staðar í líkamanum áður en það greinist í blóðrannsókn. Ákveðin kynhegðun getur tengst aukinni hættu á blóðbornum sýkingum og því eru þessar upplýsingar mikilvægar við mat á hæfi til blóðgjafar.

♦ **Hefur þú stundað kynlíf með nýjum aðila síðastliðna 4 mánuði?**

♦ **Hefur þú stundað áhættusamt kynlíf síðastliðna 4 mánuði?**

Ef svarað er **já**, þarf að meta áhættu og mögulegan frest á blóðgjöf.

ÁHÆTTUSAMT KYNLÍF TELST MEÐAL ANNARS VERA:

- ♦ Kynlíf þar sem verjur eru ekki notaðar og aðilar eru ekki í langtíma samfelldu sambandi.
- ♦ Kynlíf út fyrir langtíma samband, án verja.
- ♦ Kynlíf með mörgum einstaklingum (fleiri en einum) með eða án verja.
- ♦ Kynlíf án verja með einstaklingi sem stundar áhættusamt kynlíf.
- ♦ Kynlíf án verja með einstaklingi sem sprautar sig með ólöglegum efnum, þar með talið fíkniefni í æð, sterum og peptíðum. Ef meira en 4 mánuðir hafa liðið frá síðustu notkun, þá má gefa blóð.
- ♦ Kynlíf með eða án verja, sem stundað er gegn greiðslu.
- ♦ Endaþarmsmök með nýjum aðila með eða án verja.
- ♦ Kynlíf þar sem efna er neytt til að auka upplifun (chemsex).
- ♦ Kynlíf með eða án verja, með einstaklingi sem er með HIV, HTLV, sárásótt, lífrarbólgu B eða C.
- ♦ Kynlíf með einstaklingi sem er á veirulyfjum (PrEP eða PEP) gegn HIV.

SKILGREININGAR:

- ♦ **Áhættusamt kynlíf:** Kynlíf sem eykur verulega líkur á að fá alvarlega smitsjúkdóma sem berast með blóði.
- ♦ **Einstaklingsbundin áhætta:** Mat á kynhegðun blóðgjafa.
- ♦ **Nýr aðili:** Einstaklingur sem þú hefur ekki stundað kynlíf með áður eða aðili sem þú tekur aftur upp kynferðislegt samband við (síðastliðna 4 mánuði).
- ♦ **Áhætta annars aðila í sambandi:** Mat á hvort viðkomandi aðili stundi áhættusamt kynlíf.
- ♦ **Langtíma samfelld samband:** Hér er miðað við langtíma samband sem hefur staðið í a.m.k. 4 mánuði.
- ♦ **Kynlíf:** Munn-, legganga- eða endaðarmsmök.
- ♦ **Endaðarmsmök:** Getnaðarlimur í endaðarm. Rannsóknir hafa sýnt fram á að við endaðarmsmök er meiri hættu á smiti en við kynmök í leggöng.
- ♦ **Verjur:** Hér er átt við smokka.
- ♦ **Efni til að auka upplifun við kynmök (chemsex):** Efni sem notuð eru til að auka upplifun í kynlífi og draga úr hömlum. Ekki er um að ræða áfengi eða lyf eins og Viagra eða Cialis.

REGLUR UM SMITSJÚKDÓMA OG BLÓÐGJÖF:

- ♦ Einstaklingur sem smitaður er af HIV, HTLV, lífrarbólgu B eða C eða sárásótt, má ekki gefa blóð.
- ♦ Einstaklingur sem hefur síðustu 4 mánuði fengið veirulyf (töflumeðferð) gegn HIV sem fyrirbyggjandi meðferð fyrir útsetningu (PrEP) eða fyrirbyggjandi meðferð eftir útsetningu (PEP) má ekki gefa blóð. Fjórum mánuðum eftir síðustu lyfjagjöf má koma í sýnatöku fyrir veirupróf og gefa blóð ef mæling er neikvæð. Lengri frestur er ef lyfin eru gefin í æð.